



Viðhorf ferðamanna til innviða og náttúru.



Samantekt viðhorfskönnunar á meðal ferðamanna við Eldhraun og Úlfarsfell

Undirbúningur, spurningalistar og samantekt: Örn Þór Halldórsson, Landgræðslu ríkisins.
Úrvinnsla: Courtney Brooks og Guðný Rut Gylfadóttir, nemendur í HÍ

Könnunin fór fram í júlí og ágúst 2017

Sumarið 2017 stóð Landgræðslan fyrir könnun á meðal ferðamanna um viðhorf þeirra til innviða og náttúru á tveimur áfangastöðum. Könnunin var hluti af svonefndu ASCENT verkefni, en það er samstarfsverkefni fimm landa um að efla fagþekkingu í uppbyggingu og náttúruvernd á áfangastöðum ferðamanna. Landgræðslan tekur þátt í verkefninu fyrir hönd Íslands í samstarfi við Mosfellsbæ og Skaftárhrepp. Nýta á niðurstöðurnar til stefnumótunar fyrir áfangastaði í þessum sveitarfélögum.

Könnunin var annarsvegar gerð í Eldhrauni í Skaftárhreppi, þar sem meirihluti gesta var erlendir ferðamenn, og hins vegar við Úlfarsfell þar sem langflestir gesta voru Íslendingar að stunda almenna útivist. Báðir staðirnir eiga það sameiginlegt, að þar blasa við ýmsar áskoranir vegna rofs eða ágangs, en þó með ólíkum hætti.

Víðtækar gróðurskemmdir hafa orðið í Eldhrauni á mjög skömmum tíma en ferðamenn sækja mjög í mosann sem er afar viðkvæmur eins og flestum mun kunnugt.

Slæmt ástand Úlfarsfells er á hinn bóginn flóknara og á sér lengri sögu, en þar koma bæði saman náttúruleg roföfl og margvíslegar skemmdir af mannavöldum.

Ferðamenn vilja ekki nútímaarkitektúr

Niðurstöðurnar könnunarinnar koma á margan hátt á óvart. Helst vekur það athygli hve mikill munur er á óskum ferðamanna um uppbyggingu á svæðunum og þess sem ráðgjafar telja alla jafna æskilegt. Þetta kom glöggt fram þegar gestir voru spurðir áhlits um æskilegt yfirbragð innviða eða mannvirkja á svæðinu, en þá nefndu einungis 2% svarenda nútímaarkitektúr, en mikill meirihluti vildi náttúrulegan, umhverfisvænan eða hefðbundinn arkitektúr. 12% svarenda merktu reyndar við staðbundinn (regional) nútímaarkitektúr, án þess að honum væri lýst nánar í spurningalistanum.

Tekið skal fram að ekki voru sýndar myndir af mismunandi stílbrigðum og því möguleiki á misskilningi, en í ljósi þess hve fáir vilja nútímalegt yfirbragð á ferðamannastöðum þá mætti jafnvel endurskoða hvernig staðið er að hönnun þeirra.

Ferðamenn vilja fjölbreytta göngustíga úr náttúrulegum efnum

Meirihluti svarenda vill hafa umhverfið sem náttúrulegast og að ekki séu notuð framandi efni við stígagerð. Með öðrum orðum kom fram að svarendur vilja frekar sjá mól, steinhellur eða grjót í stað timburs, malbiks eða plastgrinda (Ecogrid). Einnig kom fram eindregin ósk um að stígar væru sem fjölbreyttastir.

Vantar fræðslu og stýringu

Annað sem kom í ljós og vekur e.t.v. furðu, er að svarendur virtust almennt ánægðir með ástand náttúru og almenna uppbygginu, þrátt fyrir að greinileg merki væru um að náttúru færi hnignandi á báðum stöðum og skortur væri á afmörkuðum og uppbyggðum göngustígum, salernum og annarri manngerðri aðstöðu. Nokkrir gesta Úlfarsfells skrifuðu þó athugasemdir þess efnis að þeim hugnaðist ekki útbreiðsla lúpínu á svæðinu og að umferð fjórhjóla á fjallinu væri þeim ekki að skapi - þó ekki hafi verið spurt sérstaklega um það.

Áberandi er að ferðamenn við Eldhraun átta sig lítt á því hvað mosanum hefur verið raskað. Þeir gera sér ekki heldur grein fyrir því hvað hann er viðkvæmur. Hér skortir greinilega fræðslu um mosann og þýðingu hans í lífríkinu. Þetta væri hægt að gera samhliða verndaraðgerðum.

Möguleg niðurstaða

Tekið skal fram að úrtakið var lítið á báðum stöðum eða samtals um 280 manns og því erfitt að finna fylgni á milli einstaklinga. Niðurstöðurnar vekja þó upp ýmsar spurningar og þá sérstaklega um æskilegt yfirbragð og efnisval innviða á ferðamannastöðum, en miklu fjármagni er veitt í hönnun og uppbyggingu. Líklega er ekki alltaf vitað, þegar fé til framkvæmda hefur verið samþykkt, hvort framkvæmdirnar séu í samræmi við óskir og væntingar gesta og hvort þær jafnvel muni rýra umhverfið og þar með aðdráttarafi staðanna.

Einnig er greinilega bæði þörf á stýringu á viðkvæmum ferðamannastað eins og í Eldhrauni, og að fræða ferðamenn um mikilvægi góðrar umgengni og hve viðkvæm náttúran er.

Vandinn í Úlfarsfelli er nokkuð ólíkur, en greinilega þarf að taka á „sambúð“ vélknúinna ökutækja og göngufólks. Þarfir þeirra sem vilja ganga um Úlfarsfellið í náttúrulegri kyrrð eru aðrar en þeirra sem sitja við stýrið á ökutækjunum. Athugasemdir aðspurðra benda einnig til þess að hefta þurfi útbreiðslu lúpínu og lagfæra gömul för eftir utanvegaakstur. Þetta gæti mögulega einnig átt við um önnur útivistarsvæði í nágrenni höfuðborgarinnar.



Nokkri gesta Úlfarsfells kvörtuðu yfir útrbreiðslu lúpínu og umferð fjórhjóla.



Gamlir og nýjir slóðar rýra ásýnd Úlfarsfells



Fæstir ferðamanna við Eldhraun virðast gera sér grein fyrir hve viðkvæmur mosinn er.



Úr tónlistarmyndbandi Justin Bieber.



Dæmi um óstaðbundinn nútímaarkitektúr á ferðamannastað.
Nýlegur áningarstaður við Stöng í Þjórsárdal. 2017/ÖÞH



Dæmi um hefðbundinn og náttúrulegan arkitektúr á ferðamannastað.
Nýlegur áningarstaður í finnskum þjóðgarði. Hossa 2017/ÖÞH



Dæmi um óstaðbundinn nútímaarkitektúr á ferðamannastað.
Nýleg salernisaðstaða við Hverfjall í Mývatnssveit. 2017/DAS



Dæmi um Staðbundinn nútímaarkitektúr.
Salernishús á ferðamannastað, Knockan crag, Skotlandi. 2017/ÖPH



Nýlegur göngustígur úr plastgrindum. Kirkjufellsfoss Snæfellsnesi 2017/DAS




Nýlegur göngustígur í Skotlandi, þar sem einungis er notuð mól og grjót. 2017/ÖPH



Viðhorfskönnun um innviði og umhverfi Eldhrauns

Bráðabirgðaniðurstöður / stöðuskýrsla



Undirbúningur og spurningalistar: Örn Þór Halldórsson, Landgræðslu ríkisins.

Úrvinnsla: Courtney Brooks og Guðný Rut Gylfadóttir, nemendur í HÍ

Könnunin fór fram í júlí og ágúst 2017

Niðurstöður unnar í Google-docs.



Meðfylgjandi könnun á viðhorfi gesta við áningarstaði í Eldhrauni til náttúru og innviða, var unnin á vegum Landgræðslunnar í samvinnu við Skaftárhrepp og er hluti af ASCENT verkefni Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins, um eflingu fagþekkingar á uppbyggingu og vernd náttúru á ferðamannastöðum. Markmið könnunarinnar er að nýta niðurstöðurnar sem grundvöll stefnumótunar um uppbyggingu göngustíga og innviða við Eldhraun

Svarendum var gefinn kostur á að svara fyrirframgefnum valmöguleikum á blaði sem þeir fengu afhent. Í sumum spurningum mátti merkja við fleiri svör og í flestum mátti bæta við svari frá eigin hjarta.

Einnig var gefinn kostur á að koma með almennar eigin athugasemdir neðst á blaði. Spurningarnar voru á íslensku og ensku, en að öðru leiti sambærilegar þó ekki sé hægt að útiloka blæbrigðamun á hugtökum.

Allur fyrirfari er um niðurstöður þessarar rannsóknar, enda er úrtakið lítið eða 154 manns, auk þess sem könnunni nær yfir stutt tímabil. Niðurstöður gefa þó vísbendingar sem fróðlegt væri að vinna betur úr og jafnvel útfæra í almennri viðhorfskönnun um innviði á ferðamannastöðum.



Helstu niðurstöður

Einungis hefur verið unnið úr meginspurningum, en frekari vinna mun e.t.v leiða í ljós fylgni má milli viðhorfa einstaklinga eftir aldri, kyni eða þjóðerni o.s.frv. Úrtakið er þó e.t.v. helst til lítið til þess að marktækar niðurstöður fáiast.

Mikill meirihluti viðspyrjenda voru erlendir ferðamenn og voru Íslendingar í algjörum minnihluta. Flestir voru frá Bandaríkjunum, Kanada, Frakklandi, Sviss og Þýskalandi. Meðalaldur var um 35 ár og konur í örlitlum meirihluta. Flestir svarenda komu á einkabílum (80%), eða camperum (9%), nánast allt bílaleigubílar. Einungis 8% svarenda voru komu með rútum, en eðlilega vildu leiðsögumenn eða bílstjórar ekki að farþegar þeirra tefðu ferðina með því að taka þátt í könnuninni og getur þetta því skekkt niðurstöðuna. Flestir viðspyrjenda voru í fylgd fjölskyldu, vina eða maka. Einungis 2,6% voru einir á ferð. 91% svarenda voru að koma í fyrsta sinn, en einungis tæp 5% sem höfðu komið oftár en 2svar og voru þeir flestir Íslendingar (leiðsögumenn). 70% svarenda sögðu tilgang heimsóknar vera skoðunarferð eða að njóta náttúrunnar. Tæp 19% nefndu slökun sem ástæðu heimsóknar.

Mikill meirihluti (86%) var ánægður með svæðið og þótti það fallett. Örlítið færri (67%) sögðu það náttúrulegt, en flestum spurningum var svarað við bílastæði aðaláningarstaðsins.

Tæpur helmingur (46%) tók eftir skemmdum á mosa og einungis 20% eftir skemmdum á hrauni.

Um 40% tóku eftir umferðahljóði og 41% nefndu náttúruhljóð.

Yfirgnæfandi ánægja var með göngustíga og innviði og lýstu flesti því sem góðu, og þar næst frábæru, en einungis 2-4% sem slæmu eða mjög slæmu.

Einu athugasemdirnar voru að það vantaði salerni og að nota mæti betri afmörkun göngustíga stað kaðla og að bæta mætti upplýsingar.

Meirihluti vill að stígar séu úr mól eða grjóti og um 25% vilja að þeir séu ósnertir. Einungis 2% vilja plastgrindur u.þ.b. 7% nefna malbik eða timbur. Um 40% telja mikilvægast að stígar séu fjölbreyttir. 30% að þeir séu auðveldir og um 20% að þeir séu breiðir og jafnmargir að þeir séu mjóir.

Gestir voru spurðir áhlits á hverskonar yfirbragð (arkitektúr) innviða ætti að vera á svæðinu. Flestir völdu náttúrulegan/umhverfisvænan eða hefðbundinn arkitektúr, samtals um 84% svarenda. Einungis 2% vildu nútímaarkitektúr en um 12% vildu staðbundinn nútímaarkitektúr (regional-architecture). Tekið skal fram

að ekki voru sýndar myndir af viðkomandi stílbrigðum og því möguleiki á misskilningi. Sérstaklega á það við um náttúrulegan/umhverfisvænan arkitektúr, sem nefndur var „environmental architecture“ í könnuninni. Sumir hafa væntanlega skilið það sem náttúrulegan arkitektúr á meðan aðrir hafa haft sjálfbæran arkitektúr í huga (sustainable). En í ljósi þess hve margir völdu þetta svar eða um 54%, þá mætti skerpa á þessu atriði og skilgreina betur ef gerð verður önnur sambærileg könnun.

Í sambærilegri könnun við Úlfarsfell þar sem 90% svarenda voru Íslendingar, þá völdu 56% náttúrulegan/umhverfisvænan arkitektúr.

90% svarenda sögðust hafa haldið sig á stígum, en 8,6% sögðust hafa gengið vísvitandi á ósnertan mosann, en 2,6% að þeir hefðu óvart gengið á ósnertum mosa. Flestir virðast átta sig á að mosinn sé viðkvæmur og jafni sig ekki strax. Einungis 5% töldu hann jafna sig innan mánaðar. Önnur 24% að hann jafnaði sig innan tveggja ára, 21,3% að hann jafnaði sig innan 20 ára, 27% að hann jafnaði sig á 40-80 árum, 11,3% að hann jafnaði sig á 500 árum og 10,6% að hann myndi aldrei jafna sig. Inn í svarmöguleikan vantaði 20-40 ár, sem e.t.v. hefði breytt svarhlutfallinu og þyrfti að leiðrétta, ef gerð verður önnur könnun.

43% viðspyrjenda gátu sér rétt til um aldur hraunsins og merktu við ártalið 1783. 22% töldu það fara frá árinu 5000 f. Kr., 9,4% að það væri frá árinu 12000 f.Kr, 14.5% að það færi frá 780 e.Kr., og 2% að það væri frá árinu 2010.

65% svarenda töldu mikilvægi svæðisins felast í hrauninu, en 43% nefndu mosann og 38% náttúruna sem slíka og 22% útsýnið. Einungis 18% töldu sögu svæðisins mikilvæga.


Í tilraun til þess að staðsetja gesti í s.k. afþreyingarrófi (ROS), þá voru gestir voru spurðir um hverskonar ferðamannastaði þeir helst myndu sækja. Þ.e. hvort þeir sæktust í stóra ferðamannastaði, borgir, menningu, strandir, ævintýri, eða hreina náttúru. Voru viðspyrjendur beðnir um að raða áfangastöðum eftir mikilvægi. Meirihluti (76%) nefndu hreina náttúru, 54% nefndu þekktu ferðamannastaði (major sights), tæp 49% völdu ævintýri og 42% menningu. 24% nefndu borgir og 19% baðstrendur.

Þó meirihluti svarenda hafi valið náttúru sem aðaláfangastaði, þá vekur athygli hve margir velja þekktu ferðamannastaði og menningu og því flestir viðspyrjenda því hugsanlega nær almennum ferðamönnum en hreinum náttúrusinum.

Gestum gafst kostur á að koma með eigin athugasemdir og voru flestar þeirra jákvæðar. Helst var minnst á skort á salernum og að það vantaði upplýsingar.


Country of residence:

153 responses




Residence in Iceland

11 responses




Age

142 responses




Gender

151 responses




Access by

154 responses




Type of group

154 responses




Number of visits

154 responses




Reason for visit

153 responses




The area is (multiple answers allowed)

154 responses




I noticed (multiple answers or none allowed):

80 responses




I noticed the sounds of: (don't mark in none)

130 responses




Quality of infrastructure:

153 responses




Quality of paths:

152 responses




The paths here should generally be of: (Multiple answers allowed)

143 responses




The paths here should generally be: (Multiple answers allowed)

135 responses



The architecture of the infrastructure here should be:


146 responses



During my visit I (multiple answers or none)




152 responses




Damaged moss will recover after

141 responses




The lava field derives from an volcanic eruption anno:

117 responses




The significance of the area relates to:

140 responses



When I travel I generally seek (mark 1, 2, 3, 4 in the boxes)

152 responses



Helstu athugasemdir gesta:

Happy to be here. To many tourists

I used this place for a picnic only

Very interesting topography. Liked the natural trails. Bathrooms may be good. Trash bins.

Would like some other information about how this was formed

beautiful country! This is our first trip to Iceland. Love to see the different landscapes :)

I love Iceland.

You have amazing country

Great Place

nice people

It would be interesting to have information on the platform about the history

Great country. More marked hiking path would be super (like in US). More toilets are badly needed!!! (also like US)

Toilets, toilets, toilets. Better camping ground facilities

Iceland is Stunning!

I appreciated chance to get close to moss and also walk on narrow path to see how the lava originally flowed

Tourist infrastructure is excellent but you must open museums and other attractions for more time. Open 7:00 - 22:00

It's impressive

I love Iceland. Please keep it "Conserved"

Doing excellent work!

Thanks so much

Amazing country. Enjoying our tour with Nordic Visitor

Thanks for having info available



8.12.2017

Viðhorfskönnun um innviði og umhverfi Úlfarsfells.

Bráðabirgðaniðurstöður / stöðuskýrsla



Undirbúningur og spurningalistar: Örn Þór Halldórsson, Landgræðslu ríkisins.

Úrvinnsla: Courtney Brooks og Guðný Rut Gylfadóttir, nemendur í HÍ

Unglingavinna Mosfellsbæjar aðstoðaði við öflun svara.

Könnunin fór fram í júlí og ágúst 2017

Niðurstöður voru unnar í Google-docs.




Meðfylgjandi könnun á viðhorfi gesta Úlfarsfells til náttúru og innviða, var unnin á vegum Landgræðslunnar í samvinnu við Mosfellsbæ og er hluti af ASCENT verkefni Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins, um eflingu fagþekkingar á uppbyggingu og vernd náttúru á ferðamannastöðum. Markmið könnunarinnar er að nýta niðurstöðurnar sem grundvöll stefnumótunar um uppbyggingu göngustíga og innviða á Úlfarsfelli.

Könnunin fór fram á á mismunandi tímum dags og mismunandi stöðum við fjallið. Svarendum var gefinn kostur á að svara fyrirframgefnum valmöguleikum á blaði. Í sumum spurningum mátti merkja við fleiri svör og í flestum mátti bæta við svari frá eigin hjarta. Gestir voru beðnir um að merkja við uppgöngu og niðurleið ásamt aðkomu- og áfangastað skv. korti.

Einnig var gefinn kostur á að koma með almennar eigin athugasemdir neðst á blaði. Spurningarnar voru á íslensku og ensku, en að öðru leiti sambærilegar þó ekki sé hægt að útiloka blæbrigðamun á hugtökum.

Allur fyrirfari er um niðurstöður þessarar rannsóknar, enda er úrtakið lítið og nær yfir stutt tímabil. Niðurstöður gefa þó nokkrar afdráttarlausar vísbendingar sem fróðlegt væri að vinna betur úr og jafnvel útfæra í almennari viðhorfskönnunum.



Gestir voru beðnir um að merkja við uppgöngu- og niðurleið ásamt uppruna og áfangastað, skv. ofangreindu korti.

Helstu niðurstöður

Einungis hefur verið unnið úr meginspurningum, en frekari vinna mun e.t.v leiða í ljós fylgni má milli viðhorfa einstaklinga, eftir aldri, kyni eða þjóðerni o.s.frv. Úrtakið er þó e.t.v. helst til lítið til þess að marktækar niðurstöður fáiast.

Einnig væri hægt að skoða fylgni á milli vals á gönguleiðum og áfangastöðum, sem voru flokkaðir eftir tölustöfum og stafrófi og sýndir á korti.

Mikill meirihluti viðspyrjenda og gesta á tímabilinu voru Íslendingar og í flestum tilfellum frá höfuðborgarsvæðinu. Meðalaldur viðspyrjenda var um 40 ár og konur í meirihluta. Flestir komu á einkabílum, í fylgd fjölskyldu, vina eða maka. Einungis 20% voru einir á ferð. Flestir svarenda höfðu komið áður, og yfir 20% sögðust koma mjög oft. Mikill meirihluti svarenda nýttu fjallið til gönguferða og helmingur nefndi líkamsrækt sem tilgang heimsóknar, en einungis 20% komu til að njóta útsýnis.

Flestir virtust ánægðir með ástand göngustíga og einungis 6% lýstu því sem slæmu. Flestir lýstu því sem góðu eða sæmilegu og 7% lýstu því sem frábæru. Mikill meirihluti vill að stígar séu úr mól, grjóti eða ósnertir. Einungis 1% vill plastgrindur sem yfirborðsefni. Einnig vill mikill meirihluti að stígar séu fjölbreyttir, en fáir vilja hafa þá erfiða eða bratta.



Stór stígakerfisins liggur í gegnum skógræktarsvæði

Gestir voru spurðir áhlits á hverskonar yfirbragð (arkitektúr) innviða ætti að vera á svæðinu. Flestir völdu náttúrulegan/umhverfisvænan eða hefðbundinn arkitektúr, samtals 87,4% svarenda. Einungis 2% vildu nútímaarkitektúr en um 12% vildu staðbundinn nútímaarkitektúr. Tekið skal fram að ekki voru sýndar myndir af viðkomandi stílbrigðum og því möguleiki á misskilningi. Sérstaklega á það við um náttúrulegan/umhverfisvænan arkitektúr, sem nefndur var „environmental architecture“ í enskri þýðingu á könnuninni. Sumir hafa væntanlega skilið það sem náttúrulegan arkitektúr á meðan aðrir hafa haft sjálfbæran arkitektúr í huga (sustainable). En í ljósi þess hve margir völdu þetta svar þá mætti skerpa á þessu atriði og skilgreina betur ef gerð verður önnur sambærileg könnun.

Í tilraun til þess að staðsetja gesti í s.k. afþreyingarrófi (ROS), voru gestir spurðir um hverskonar ferðamannastaði þeir helst myndu sækja. Þ.e. hvort þeir sæktust í þekktu ferðamannastaði, borgir, menningu, strandir, ævintýri, eða hreina náttúru. Mikill meirihluti nefndu hreina náttúru, en fæstir þekktu ferðamannastaði eða borgir, sem gæti bent til þess að gestir svæðisins flokkist frekar sem náttúrusinnar en þjónustusinnar, eða a.m.k þeim megin miðjunar.


Viðrspyrjendum gafst einnig kostur á að koma með eigin athugasemdir. Athugasemdir voru um lúpínu, fjórhjól, utanvegaakstur og um að skortur væri á salernum og merkingum, en engin þeirra atriða voru nefnd sérstaklega í svarmöguleikunum og mætti bæta við ef ráðist verður í aðra könnun.



Sumum gesta virðist í nöp við lúpínuna, þó ekki hafi verið var spurt beint um viðhorf til hennar.


Country of residence:

106 responses




Residence in Iceland

90 responses




Age

108 responses




Gender

108 responses




Reason for visit

114 responses




Type of group

113 responses




Number of visits

114 responses




Path of ascent (up):

110 responses




Path of descent (down):

111 responses




My favorite path

90 responses




My destination: (See Map)

108 responses




My favorite destination (if any):

93 responses




I noticed the sounds of: (don't mark in none)

107 responses




I find the area generally: (Multiple allowed - Don't mark if none)

115 responses




The general condition of the paths is best described as:

112 responses



The paths here should generally be of: (Multiple answers allowed)


110 responses



The paths here should generally be: (Multiple answers allowed)




109 responses




The architecture of the infrastructure here should be:

103 responses



When I travel I generally seek (mark 1, 2, 3, 4 in the boxes)

111 responses



Helstu athugasemdir gesta:

Vantar klósett. (2)

Stígar ættu að vera úr kurlri

Stígar ættu að vera úr grasi og vera umhverfisvænir.

Stígar ættu að vera úr fínmöl

Friðsælt, fallett, mátuleg uppganga en lúpínan skemmir.

Svæðið er fallett fyrir utan lúpínuna.

Leiðinlegt að hafa fjórhjólin á stígunum.

Þegar fjórhjólin eru á ferðinni eru þau bæði hávaðasöm og mengandi. Yrði glöð ef lokað yrði fyrir umferð bíla og fjórhjóla á fjallið.

Myndi vilja losna við fjórhjólin hérna.

Vegurinn sleipur þar sem ekki er grjót.

Leiðir ættu að vera betur merktar.

Hefur orðið var við utanvegaakstur